

Vegagerðin tekur jákvætt í að gerð verði óháð úttekt á Landeyjahöfn og telur það jafnframt skynsamlegt til að fá fram hugsanlega nýjar tillögur að lausn á þeim vanda sem er til staðar í höfninni í dag.

Landeyjahöfn var opnuð 2010 og komu fljótlega í ljós mun meiri vandamál vegna sandburðar en reiknað hafði verið með. Þar við bættist að til að viðhalda fullnægjandi dýpi gáfust mun færri dagar til dýpkunar vegna veður- og öldufars en reiknað hafði verið með. Siglingastofnun Íslands hannaði höfnina og fékk í lið með sér í danska ráðgjafa, DHI (Danish Hydraulic Institute) til þess að reikna út sandflutning í höfninni. Verkfræðistofan COWI í Danmörku var fengin til þess að yfirfara útreikninga DHI.

Þegar þessi vandamál urðu ljós voru prófessorar frá Lund University í Svíþjóð fengnir sem ráðgjafar til að yfirfara bæði það sem Danirnir höfðu reiknað ásamt frekari athugunum og liggja gögn frá þeim fyrir.


Mikilvægt er að þeir ráðgjafar sem fengnir verða til að taka út höfnina hafi mikla þekkingu í strandverkfræði og sandflutningsrannsóknum. Ráðgjafar innanlands hafa mjög takmarkaða reynslu á þessu sviði. Benda má á að mikil þekking er á þessu sviði í Hollandi og einnig í Bretlandi þó í minna mæli. Hollendingar hafa verið að kljást við sandflutning í höfnum í mjög langan tíma og þar eru einmitt stærstu dýpkunarfyrirtæki heimsins staðsett.

Vegagerðin er að sjálfsgöðu reiðubúin að afhenda þau gögn sem úttektarráðgjafi þyrfti að nota og óskaði eftir. Þar sem um mikið magn gagna er að ræða gæti það kallað á töluverða vinnu og tíma innan stofnunarinnar að útbúa gögnin til afhendingar.

Úttektaraðilinn sem fenginn er til starfans þarf að sökkva sér í efnið og koma sér inn í öll þau gögn sem til eru um höfnina. Einnig þarf hann að útbúa sín eigin öldu-, straum- og sandflutningslíkön svo hann geti skoðað málið á raunsæjan hátt.

Vegagerðin telur tímasetningu í þingsályktunartillögunni um skil óraunhæfa og telur eðlilegra að miða við haustmánuði 2020. Ljóst er að kostnaður við úttekt sem koma ætti að gagni muni kosta töluverðar fjárhæðir, sem Vegagerðin telur að gæti legið á bilinu 50 – 100 m.kr.

Virðingarfyllst,



---

**Magnús V. Jóhannsson**  
Framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs

---

**Director of Construction**  
Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA)  
+354 522 1000 | +354 893 8500  
Borgartún 5-7 | IS-105 Reykjavík  
[magnus.v.johannsson@vegagerdin.is](mailto:magnus.v.johannsson@vegagerdin.is)  
[www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)